

Umhverfissráðuneytið
Sigurður Þráinsson
deildarstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. maí 2006
2006050030/42-8
HeTo/rsb

Umsögn um rannsóknir á jarðhita á Reykjanesi

Vísað er til tölvubréfs umhverfissráðuneytis, dags. 23. maí sl., þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi umsókn Hitaveitu Suðurnesja um leyfi til rannsókna á jarðhita á Reykjanesi með fyrirheit um forgang að nýtingu.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við veitingu þessa rannsóknaleyfis sem hér segir:

1. Krýsuvík.

Svæðið sem um ræðir er allt innan fólkvangs á Reykjaneskaga. Útlínur rannsóknarsvæðisins á mynd 6 (bls. 20 í Greinargerð ÍSOR-05162) ná langt inn á sprungurein sem tengist Brennisteinsfjöllum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki þörf á því að fara svo langt inn á Brennisteinsfjallasprungureinina vegna virkjunar Krýsuvíkursvæðisins. Náttúrufræðistofnun gerir því athugasemdir við að skilgreina rannsóknarsvæðið svo rúmt innan fólkvangsins.

Lagst er gegn óheftu rannsóknarleyfi á því svæði sem er markað af í skýrslu ÍSOR. Það svæði nær langt útfyrir megin lágviðnámssvæðið sem afmarkar jarðhitann. Allar líkur eru á að lágviðnámssvæðið lokist undir Kleifarvatni. Einkum er lagst gegn því að farið verði með bortæki eða ökutæki útfyrir þá slóða sem þegar eru á svæðinu, en austurjaðar Kleifarvatns og fjalllendið þar uppaf er óspillt.

Á bls. 7 í Greinargerð ÍSOR-05162 eru talin upp rök fyrir því að rannsóknarsvæðið nái tvo til þrjú km. útfyrir lágviðnámssvæði vegna grunnvatnsrannsókna og til jarðeðlisfræðilegra mælinga. Það svæði sem afmarkað er á myndinni nær mun lengra en þetta útfyrir lágviðnám á 600 m dýpi, einkum til suðurs og austurs. Unnt er að fara með jarðeðlisfræðilegar mælingar útfyrir rannsóknarsvæðið án þess að skemma land og er rétt að leyfa það með ákveðnum takmörkunum, en ekki á að leyfa boranir og vegalagnir óheftar innan rannsóknarsvæðisins.

Lagt er til að austurjaðar rannsóknarsvæðisins fylgi Kleifarvatni um Austurengjahver og þaðan til SV. Á sama hátt er lagt til að rannsóknarsvæðið verði þrengt til annarra átta og gætt verði að jarðminjum á svæðinu svo sem gígum, gígaröðum o.þ.h.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að ÍSOR leggi eigið mat á verndargildi jarðminja, sbr.

bls. 17 og 18 í Greinargerð ÍSOR-05162, en telur slíkt mat haldlítið í þessu samhengi þar sem fyrirtækið sinnir rannsóknum fyrir virkjunaraðila. Lögum samkvæmt er það hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að aðstoða við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja.

2. Brennisteinsfjöll.

Náttúrufræðistofnun leggst eindregið gegn veitingu rannsóknarleyfis í Brennisteinsfjöllum. Áður hefur verið rökstutt ítarlega hvers vegna, sbr. bréf stofnunarinnar 20. maí 2003, 9. febrúar 2004 og 14. mars 2005. Þar er m.a. bent á að Brennisteinsfjöll eru síðasta ósnortna háhitasvæðið á SV-horni landsins, að jarðhitarannsóknum í óbyggðum fylgir mikið rask (vegir, efnistaka, borplön, borholur, vatnslagnir, affallsvatn, hávaði) og að Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun hafi gert tillögu um heildarfriðun Brennisteinsfjalla innan stækkaðs Herðisarvíkurfriðlands.

Virðingarfyllst

Snorri Baldursson
aðstoðarforstjóri



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS